



Reykjavík, 3. maí 2024

MSS24050013

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

## Hverfistré Reykjavíkur 2024

Skógræktarfélag Reykjavíkur útnefni hverfistré tíu hverfa í Reykjavík sumarið 2024. Íbúar verða hvattir til að tilnefna tré, runna, trjáröð eða lundi, í gegnum hverfishópa á Facebook og umfjöllun í fjölmiðlum. Einnig verður óskað eftir tilnefningum frá Félagi skrudgarðyrkjumeistara.

Tré í borgum hafa mikil og góð áhrif á umhverfið og líf borgarbúa. Þótt trjárækt í Reykjavík eigi sér tiltölulega stutta sögu, eru þar mörg merkileg tré, fallegar trjáraðir og lundir. Ástæður fyrir tilnefningu geta til dæmis verið að tréð eigi sér merkilega sögu eða sé einkennandi fyrir hverfið. Kannski veitir tréð mikið og velkomið skjól — fyrir fólk eða fugla. Trjálundur geta verið góður samkomustaður fyrir fólk í hverfinu. Sum tré eru frábær til að klifra í, önnur óvenjuleg og enn önnur bara sérlega falleg.

Unnin verður stutt umfjöllum um Hverfistré hvers hverfis, svo sem um sögu þess, aðstæður og áhrif á nærumhverfið. Viðurkenningarskjöl verða afhent eigendum trjána á afmælisdegi félagsins, 25. ágúst 2024. Auk þess verða nefnd nokkur glæsileg og athyglisverð tré í hverju hverfi. Til greina kemur að búa til kort eða kortasjá þar sem hægt verður að sjá trén og lesa um þau.

Samhliða útnefningu á Hverfistrjám Reykjavíkur, gefst tækifæri til að fjalla um gróður í borgum, verðmæti hans og gagnsemi, og hvernig best er að hlúa að honum. Til greina kemur að vinna að slíkri fræðslu í samstarfi við Reykjavíkurborg, t.d. út frá umhverfismálum og lýðheilsu, og samtök s.s. Félag skrudgarðyrkjumeistara.

Óskað verður eftir tilnefningum á netfangið [heidmork@heidmork.is](mailto:heidmork@heidmork.is).  
Frestur til að skila inn tilnefningum er til loka júlí.

Kári Gylfason  
Verkefna- og ritstjóri  
[kari@heidmork.is](mailto:kari@heidmork.is)  
Skógræktarfélag Reykjavíkur  
Sími: 564 1770  
Elliðavatnsland, 110 Reykjavík  
[www.heidmork.is](http://www.heidmork.is)